

Garðfuglakönnun 2010-11

Þennan vetur sendu 13 inn niðurstöður. Allir athugendur sjá skógarpresti og snjótittlinga. (1. tafla). Síðarnefnda tegundin skilar sér í garða ef jarðbönn eru og þiggur fuglafóður þar sem það er á boðstólum. Þetta var í fyrsta skipti síðan veturinn 2005-06 sem hann sést hjá öllum þátttakendum. Hrafnar sjást víða þennan vetur 12 af 13 görðum, en allt frá 1999-2000 vetrinum hafa yfir 80% þátttakenda séð hrafn í garðinum. Fyrir þann tíma var hlutfallið lægra. Þennan vetur skjótast auðnutittlingar og svartþrestir ofar á listann en starar. Auðnutittlingarnir sjást þó á færri stöðum en í fyrra. Músarrindlar voru skráðir hjá um 70% athuganda eins og síðasta vetur. Þúfutittlingar og maríuerlur sáu á nokkrum stöðum sem gæti e.t.v. skýrst af því að þessir fuglar hafi komið fyrr þetta vorið en áður en þessar tegundir eru yfirleitt farnar í vetrarbyrjun þegar garðfuglakönnunin hefst. Sílamáfur nær sér í æti í þremur görðum en þennan vetur var hettumáfur fáséðari.

1. tafla. Tíðni algengustu tegunda á athugunarstöðum í Garðfuglakönnun veturinn 2010-11.		
Tegund	Garðar	%
Snjótittlingur	13	100
Skógarþröstur	13	100
Hrafn	12	92,3
Auðnutittlingur	11	84,6
Svartþröstur	11	84,6
Stari	10	76,9
Músarrindill	9	69,2
Silkitoppa	8	61,5
Þúfutittlingur	5	38,5
Hettusöngvari	5	38,5
Gráþröstur	5	38,5
Maríuerla	3	23,1
Sílamáfur	3	23,1
Smyrill	3	23,1

Silkitoppur voru áberandi þennan vetur og sáu átta af þátttakendum þá tegund og var það svipað hlutfall og veturinn 2008-09. Gráþrösturinn og hettusöngvarar voru á nokkrum stöðum.

Það er frekar sjaldgæft að þátttakendur sjá yfir 20 tegundir á athugunartíma Garðfuglakönnunar. Síðastliðinn vetur sáu tveir félagar yfir 20 tegundir það voru Jóhann Óli Hilmarsson, sem einnig var með flestar tegundir (23), en fast á hæla honum kom Aðalsteinn Örn Snæþórsson í Kelduhverfi með 22 tegundir. Þar á eftir koma Örn Óskarsson og Gaukur Hjartarson sem skráðu 15 tegundir í sínum görðum. Veturinn 2010-11 voru fæstar tegundir fjórar á einum athugunarstað, en í heildina sáu þátttakendur 41 tegund í görðum sínum og var meðaltalið var 11,5. Enginn ný tegund var skráð þennan vetur og er það í fjórða skipti sem slíkt á sér stað, hin tímabilin voru: Veturinn 1999-00, 2002-03 og 2005-06..

Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson 2012



1. mynd. Silkitoppur voru algengar í görðum þátttakenda veturinn 2010-11. Ljósmynd: Örn Óskarsson